



Byggðasafn Reykjaneshæjar

ársskýrsla 2006



Ljósmynd úr ferð Aðalstöðvarinnar með eldri borgar.

Á myndinni eru: Sigurjón Georgsson, Svavar Þorsteinsson bílstjóri og Björg Kristinsdóttir. Tekin milli 1960-1963. Sigurjón og Björg áttu heima að Tjarnargötu 15 en komu upprunalega frá Siglufirði.

Myndanúmer: Aðs12

Starfsemin

Hlutverk safnastarfs er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að menningararfleifðinni og vekja athygli á henni. Hlutverk byggðasafna er að sinna svæðisbundnu safnastarfi sveitarfélaga.

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Björn Ragnarsson starfsmaður bæði í 100% starfi. Verkefnaráðnir voru: Erlingur Björnsson, 50% starf, frá miðjum júní fram til miðs september við móttöku gesta á Njarðarbraut 3 og staðsetningu gripa samkvæmt samningi við Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja. Halldór Dagsson, 100% starf, frá lok júlí fram yfir ljósnott við móttöku gesta í Stekkjarkoti og viðgerðir á bátum.

Rekstur og styrkir

Heildarvelta safnsins samkvæmt fjárhagsáætlun var 13.953.505 hæsti einstaki liður áætlunar var launakostnaður. Rekstrarniðurstaða ársins varð þó hærri vegna hækkunar á húsnæðiskostnaði og samningsbundinna launahækkana.

Styrkir fengust frá Safnaráð samtals 2.010.000, þar af rekstrarstyrkur kr. 1.600.000, verkefnastyrkur kr. 400.000 auk þess ferðastyrkur kr. 10.000 vegna samráðsfundar um menntunarhlutverk safna.

Þá fékkst samþykki fyrir að safnið tæki í notkun nýtt varðveisluhúsnæði að Njarðarbraut 3 í stað húsnæðisins Röst við Hrannargötu í Keflavík. Húseigendur Rastarinnar höfðu sagt upp leigusamning. Við þetta hækkaði húsnæðiskostnaður safnsins nokkuð.

Samstarfsverkefni

Unnið var að innleiðingu stafræns myndbanka ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Reykjanesbæjar. Skoðaðir voru ýmsir möguleikar, farið í heimsóknir og kynningar fengnar. Ákveðið var að Byggðasafnið keypti forritið FotoStation sem verður jafnframt heildarlausn fyrir stafrænar myndir hjá bæjarfélaginu og stofnunum þess.

Fundir og ráðstefnur

Þann 4. mars stóð Byggðasafnið í samvinnu við Sagnfræðingafélag Íslands og Félag þjóðfræðinga á Íslandi fyrir ráðstefnu undir heitinu: “Gaman er að koma í Keflavík” í Duushúsum. Níu fyrirlesarar voru með erindi m.a. flutti forstöðumaður erindið “sam-tíminn í byggðasöfnum” sem síðar var birt í tímaritinu Faxe, ásamt nokkrum öðrum fyrirlesturum frá ráðstefnunni. Hátt í eitthundrað manns sóttu ráðstefnuna sem stóð daglangt.

Forstöðumaður sótti Samráðsfund Safnaráðs um menntunarhlutverk safna 19. – 20. október og sat auk þess í undirbúningsnefnd fundarins. Þá sótti forstöðumaður undirbúningsfund un stofnun samtaka um sögutengda ferðaþjónustu í Skálholti í janúar, íslenska sögubíngið í maí og safnið tók á móti ráðstefnu ICR sem er alþjóðleg samtök byggðasafna í Duushúsum í lok sumars. Tekið var á móti heimsókn frá Flugminjasafnsnefnd og setinn einn fundur um flug- og herminjar. Þá var tekið á móti framkvæmdarstjóra Safnaráðs 22. nóvember og farið í heimsókn með honum í Byggðasafnið í Garði.

Endurmenntun

Forstöðumaður og starfsmaður sótti endurmenntunarnámskeið FÍSOS og EHÍ um varðveislu safngripa. Starfsmaður sótti námskeið fyrir eldri borgara. Forstöðumaður sótti námskeið um Excel, Access og skyndihjálp.

Sýningar og þjónusta

Duushús

Ákveðið var að lengja opnunartíma sýningarinnar; Stuð og friður, þar sem ekki var fjárhagslegt svigrúm að setja upp nýja sýningu sökum flutninga. Einnig var horft til þess að sýningin hafði spurst vel út og töluvert var um að hópar bókuðu heimsóknir margir hverjir fengu Rúnar Júlíusson tónlistarmann til leiðsagnar.

Húsin eru opin 12 mánuði ársins, daglega frá kl. 13 til 17:30 og heildarfjöldi gesta í húsin var: 29.640. Byggðasafnið tók þátt í aðventu dagskrá fyrir leikskólabörn og yngstu bekki grunnskólans Möguleikhúsið kom með Ævintýrahöllina. Á þann viðburð mættu 552 börn

Stekkjarkot

Auglýstur opnunartími var frá júní til ágústloka í samvinnu við Íslending opið var daglega frá kl. 13 til 16 og á öðrum tímum eftir samkomulagi. Fjöldi gesta sótti víkingaskipið og Stekkjarkot heim allt árið. Erfitt hefur reynst að halda tölu um gestafjölda þar sem svæðið er mjög opið, fæstir skrifa í gestabók og starfsmenn sem þar voru í sumar þurftu að sinna gestum töluvert og gátu ekki haldið utan um fjölda. Áætlaður fjöldi gesta er milli tíu og fimmtán þúsund. En í gestabók skrifuðu 2504, þar af 662 íslendingar og 609 útlendingar sig, nemendur í hópum voru: 1105 auk fylgdarliðs 128. Leikskólar bæjarins fengu lánaða þorrakistu, eða safnkassa um matargerð til forna og mataráhöld í tengslum við þorran og margir leikskólar nýttu sér að heimsækja Stekkjarkot á þorranum.

Innri-Njarðvík og fleiri staðir



Húsið var opið eftir samkomulagi. Auglýstur opnunartími að Njarðarbraut 3 hófst um miðjan júní og stóð út sumarið. Opið var frá klukka 13 til 16 alla daga vikunnar, fjöldi gesta var innan við 200. Þá var opnuð sýning á hópmyndum fermingarbarna úr safni Heimis Stígssonar í Bókasafni Reykjanesbæjar í tilefni Ljósanætur og stóð sýningin yfir í 10 daga. Gestum gafst einnig kostur á að kaupa myndir þar sem til var þó nokkur eintök af þessum myndum sem ekki höfðu gengið út áður.

Gestafjöldi

Heildarfjöldi skráðra gesta í þessi fjögur hús var 32.144 en áætlaður fjöldi eru rúmlega 40 þúsund gestir í öll húsin. Fjöldi sýninga í lok árs 2006 voru 5.

Yfirlit yfir sýningar

Hér að neðan sést hvernig safnkostur á sýningum skiptist milli húsa. Langflestir gripir eru í Innri-Njarðvík þar sem heimilishlutir Jórunnar Jónsdóttur er til sýnis. Þá koma Duushúsinn annars vegar til langtíma á sýningunni Batafloti Gríms Karlssonar og hins vegar til skemmri tíma, Stuð og friður í Gryfjunni. Útlán eru annars vegar til lengri tíma aðallega til Saltfiskseturs Íslands í Grindavík og síðan til skemmri tíma eins og þorragripir sem lánaðir voru leikskólum í um sólarhring á hvern skóla.



Safnkosturinn

Munasafn


Mikil umbreyting varð í starfsemi safnsins við flutning aðalmunageymslu þess úr Röstinni í nýtt húsnæði að Njarðarbraut 3 í Innri-Njarðvík. Húsnæðið var afhent 1. mars og var þegar hafist handa við að flytja og var flutningum lokið í lok sama mánaðar. Þá voru einnig fluttir gripir úr 88-húsinu að hluta í húsnæðið á Njarðarbraut. Til bráðabirgða fékk safnið einnig afnot af verkstæði gömlu Steypustöðvarinnar og þar eru nú geymdir grófustu hlutirnir. Keyptir voru brettarekkar og lyftari, við það hafa allar aðstæður gjörbreyst. Ákveðið var að hafa húsið opið á auglýstum opnunartíma til reynslu þetta fyrsta sumar. Það gafst ágætlega en reyndist nokkuð þungt að halda úti opnun með fáa starfsmenn.

Staða skráningar muna

Heildarfjöldi færslna í safnskrá er: 7261, en heildarfjöldi muna er 15.122. Augljóslega þarf að endurskoða skráninguna og reyna að minnka bilið. Eitthvað er um tvískráningar og þarf því að leiðrétta safnskrána. Þá er eftir að taka myndir af gripum, mæla þá og vigta og síðan meta safnkostinn. Hafist verður handa við þá verkþætti árið 2007 en markmiðið er að safnskráin verði gerð aðgengileg almenningi á netinu innan fárra ára.

Í sumar hófst skráning gripa í Innri-Njarðvíkurhúsinu og lauk þeirri skráningu í nóvember. Er þá lokið að skrá óskráðan safnkost muna að mestu en talið er að óskráður safnkostur sé nú innan við 1% af safnkosti safnsins eða um 50 færslur í safnskrá.


Hér að neðan má sjá sögu skráningar munasafns frá upphafi. Á árunum 1978 til 2000 var lokið við að skrá um þriðjung safnkostsins en á árunum 2001 til 2006 var lokið við að skrá um tvo þriðju. Miklu skiptir að allur safnkostur sé skráður og að nýr safnkostur, safnauki, sé skráður á sama ári og hann kemur inn. Á síðustu árum hefur það tekist í munasafni. Nýir safngripir árið 2006 töldu 105 færslur og voru 323 stykki.



Tekin var sú ákvörðun að opna safnskrána fyrir öðrum söfnum og innlánum. Því voru innlán skráð inn í safnskrá og hafist var handa við að skrá Poppminjasafn Íslands inn í safnskrána. Á árinu 2007 verður því haldið áfram og einnig verður Íþróttaminjasafn Reykjanesbæjar, Batafloti Gríms Karlsonar og mögulega fleiri þættir skráðir inn í safnskrá. Með þessu verður allt utanumhald auðveldara og skilvirkara. Hvert safn er auðkennt sérstaklega í safnskránni og hvert safn á sitt fangamark, t.d. á Byggðasafnið BYR og Poppminjasafnið PMÍ og hlutirnir eru merktir með fangamarki síns safns. Í Poppminjasafn Íslands eru skráðar 39 færslur, innlán eru 122 færslur og eru það allt

lánsgrípur á sýninguna Stuð og friður. Innlánin eru annars vegar frá einstaklingum og hins vegar frá Minjasafni Reykjavíkur, Árbæjarsafni.

Í sumar var einnig unnið að því að staðsetja gripi á Njarðarbraut og lauk stórum hluta þess verkefnis í nóvember. Er nú 89% safnkostsins skráður og staðsettur, þar af er tæpur fimmtungur á sýningum. Hér að neðan sést að langflestir gripir eru varðveittir í Vatnsnesi það helgast af því að þar eru varðveittir smærri hlutir í kössum. Stefnt er að því að varðveisla allra muna verði flutt á Njarðarbrautina árið 2007. Þó getur verið að textílum verði fundinn annar staður.



Myndasafn

Myndasafninu er skipt í þrjú meginöfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum. Flestar myndir voru afgreiddar til tímaritsins Faxe, þá voru myndir lánaðar í útgáfu vegna afmælis t.d. til Kaupfélagsins, Fjölbrotaskóla Suðurnesja og Sparisjóðsins í Keflavík, m.a. voru myndir frá safninu birtar í almanaki sem Sparisjóðurinn lét dreifa í öll hús á Suðurnesjum.

Myndasöfnin þrjú eru skráð með mismunandi hætti. Í almenna safninu er hver mynd skráð, í dag eru tæplega 21 þúsund myndir skráðar og annað eins er óskráð. Mjög mikil vinna er eftir við að flokka þessar myndir og er þá eðlilegra að þær verði flokkaðar í tölur líkt og filmusafn Heimis Stígssonar er skráð. Það verður þó ekki möguleiki að hefja þá vinnu fyrr en húsnæðið batnar. Í samhengi við þá vinnu þarf að umbúðavæða, grisja og skanna inn valdar myndir. Annar mikilvægur þáttur er greining mynda og var því verkefni haldið áfram frá fyrra ári. Á árinu voru rúmlega 70 myndir settar til greiningar í Bókasafninu og komu fram rúmlega 200 greiningar.

Filmusafn Heimis er eins og áður segir skráð samkvæmt tókum og eru núna skráðar tæplega 45 þúsund tölur í safninu hans. Er sú skráning lunginn úr safninu en þó er töluvert eftir að skrá en erfitt er að meta hve há sú tala er. Á árinu var gerður samningur við Heimi Stígsson um að hann kæmi til aðstoðar með óskráð og óflokkað efni. Í því átaki voru skráðar rúmlega 900 nýjar tölur með um 4000 filmum. Þá voru einnig keyptar hillur í geymslu. Ljóst er að mikil vinna er eftir við að flokka og skrá það sem enn er óskráð. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og síðan að grisja og skanna inn valdar myndir.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þríþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttafréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar myndir frá svæðinu. Nú eru um 4000 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um alla skráningu og veitir alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Í framtíðinni er hugmyndin að safnið verði á stafrænu formi og þannig aðgengilegra almenningi.